

Nd.

627. Frumvarp til laga

[292. mál]

um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Halldór E. Sigurðsson, Birgir Finnsson,
Lúðvík Jósefsson, Haraldur Henrysson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Alþingismaður nýtur launa samkvæmt launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins, og greiðist $\frac{1}{2}$ hluti árslauna mánaðarlega. Launin greiðist frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Starfsmaður ríkisins eða ríkisstofnunar, sem er alþingismaður og aðeins getur gegnt starfi sínu milli þinga, skal auk þingfararkaupts aðeins fá greidda $\frac{1}{10}$ hluta árslauna. Starfsmaður, sem gegnir starfinu með þingsetunni og mætir daglega til vinnu, skal njóta $\frac{3}{5}$ árslauna. Ef starfsmaður launar sjálfur þann, er gegnir starfinu í fjarveru hans, skal hann fá það endurgreitt. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um ráðherralaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1971.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan forseta Alþingis og þingfararkauptsnefndar, en nauðsynlegt er að gera breytingu á lögum um þingfararkaup, m. a. vegna þeirra breytinga, sem urðu á launaákvörðunum hjá opinberum starfsmönnum, en hliðsjón var höfð af kjaradómi 1963 við setningu laga um þingfararkaup.

Jafnframt því verður að ákvarða, hver laun alþingismanna eiga að vera, en ákvörðun þingfararkauptsnefndar um laun þeirra um áramótin var bráðabirgðaráðstöfun. Þingflokkarnir standa að flutningi þessa frumvarps, og er það því flutt af einum þingmanni tilnefndum af hverjum þingflokki.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fara inn á sömu braut og tíðkast á Norðurlöndum að miða laun þingmanna við ákveðinn launaflokk í launastiga opinberra starfsmanna, og er hér lagt til, að laun alþingismanna verði skv. B 3.

Af þeirri leiðréttingu á launum alþingismanna, sem í frv. felst, leiðir, að ákvörðun þarf að taka um, að hve miklu leyti skerða skal laun þeirra embættismanna, er taka sæti á Alþingi, svo sem gert er á Norðurlöndum. Er lagt til, að embættismaður ríkisins, er gegnir starfinu með þingsetu og daglega mætir til vinnu, fái $\frac{3}{5}$ af embættislaunum, en sá, sem gegnir starfinu aðeins milli þinga, $\frac{1}{10}$.

Gert er ráð fyrir, að launabreyting þessi gildi ekki um alþingismenn þá, er nú sitja, heldur um þá, er kjörnir verða í alþingiskosningunum í sumar.

Um 1. gr.

Alþingismönnum er hér skipað í launaflokk B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins.

Um 2. gr.

Laun starfsmanns ríkisins eða opinberrar stofnunar, sem er alþingismaður, skerðast um $\frac{1}{10}$ hluta embættislauna, ef hann getur aðeins gegnt starfinu milli þinga. Skerðingin er hins vegar um $\frac{3}{5}$ hluta, ef starfsmaðurinn gegnir starfinu með þingsetunni og mætir daglega til vinnu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.